



6. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2017 - 2018 haldinn fimmtudaginn 31. maí 2018 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Steinþór Einarsson varaformaður, Þorsteinn Júlíus Árnason varamaður og Sigrún María Jörundsdóttir. Fundinn sátu einnig Tinna Ösp Arnardóttir varafulltrúi kennara, Sigrún Edda Eðvaldsdóttir fulltrúi foreldraráðs, Rebekka Þurý Pétursdóttir fulltrúi nemenda og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Staðan í fjármálum – aukið fjármagn kom til skólanna um áramót en húsaleiga hækkaði um 12% um áramót og ekki búið að bæta það. Staðan nokkurn veginn eins og á að vera. Framundan er að taka upp skjalastjórnunarkerfi og innleiða vinnulag í samræmi við ný persónuverndarlög í framhaldinu.
2. Innritun fyrir haustönn 2018 – 190 nýnemar verða teknir inn. Lögboðin fækkun nemendaígilda vekur upp spurningar í bæjarfélagi sem er sífellt stækkandi. Ráðherra verður boðið í heimsókn í haust og reynt verður að koma viðbyggingunni á kortið aftur.
3. Þriggja anna kerfið – 15. mars var tilkynnt um fyrirhugaðar breytingar haust 2019 – fyrstu breytingarnar í langan tíma sem koma innanfrá en ekki ofanfrá. Ekki allir sammála um þörf breytinga en nú er þetta komið í fastar skorður og vörður á leiðinni. Bundnar eru vonir við að skólasókn batni og brotthvarf minnki með breyttu annarkerfi. Skólanefnd fagnar að áætlun um þriggja anna kerfið sé komið í fastan farveg og að gefinn sé góður tími til undirbúnings.
4. Breytingar í starfsmannamálum á haustönn. Engum sagt upp, hefðbundnar breytingar – kennarar að fara í leyfi og koma tilbaka. Fjölbreytt námsframboð í skólanum er styrkur hans þó svo að það geti verið erfitt að halda því úti með fækkun nemendaígilda.
5. Önnur mál – Umræða um mikilvægi þess að fara varlega í öllum samskiptum sérstaklega á samfélagsmiðlum og tölvupósti. Fulltrúi foreldra í skólanefnd þakkar fyrir samstarfið síðastliðin 3 ár. Foreldraráð framhaldsskólanna stefna á að sameinast um fyrirlestra fyrir foreldra framhaldsskólanema. Rebekku Þurý nemendafulltrúa og Sigrúnu fulltrúa foreldraráðsins eru þökkuð góð störf í skólanefnd.

Sigrún Fjóla Hilmarisdóttir kemur inn á næsta skólaári sem fulltrúi kennara. Viktor Freyr Ómarsson kemur sem fulltrúi nemenda og svo kemur nýr fulltrúi foreldraráðs.

Næsti fundur seinnipart ágústmánaðar.

Fundi slitið kl. 12:45.

Snjólaug E. Bjarnadóttir